

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 688/2006

2011/EES/59/35

frá 4. maí 2006

## um breytingu á III. og XI. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 að því er varðar vöktun smitandi heilahrönnunar og sérstaks áhættuefnis í nautgripum í Svíþjóð (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 frá 22. maí 2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrönnunar (1), einkum fyrstu málsgrein 23. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 999/2001 er mælt fyrir um reglur um vöktun smitandi heilahrönnunar í nautgripum, sauðfé og geitum.
- 2) Í álitinu sínu frá 6. júlí 2000 komst vísindastýriningur framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna að þeirri niðurstöðu að ekki séu miklar líkur á að kúariða hafi komið upp í innfæddum nautgripum í Svíþjóð, en þó er það ekki útilokað. Á grundvelli þessa álits er Svíþjóð veitt undanþága, með reglugerð (EB) nr. 999/2001, til að rannsaka eingöngu slembisýni úr heilbrigðum slátruðum nautgripum sem eru bornir og aldir á yfirráðasvæði landsins. Í uppfærðu álitinu sínu um landfræðilega áhættu sem tengist kúariðu í Svíþjóð, sem samþykkt var í júlí 2004, studdi Matvælaöryggisstofnun Evrópu þessa afstöðu að flokka Svíþjóð í GBR-flokk II, þ.e. að ólíklegt sé, en ekki útilokað, að innlendir nautgripir séu smitaðir af smitefni kúariðu. Að auki gæti Svíþjóð nýtt sér undanþágu um að leyfa notkun hryggjarsúlu og mænuhnoða nautgripa með vissum skilyrðum. Svíþjóð hefur þó aldrei beitt þeirri undanþágu.

- 3) Hinn 3. mars 2006 staðfesti tilvísunarrannsóknarstofa Bandalagsins fyrir smitandi heilahrönnunarsjúkdóma fyrsta kúariðutilvikið í Svíþjóð. Þar eð ekki er lengur talið ólíklegt að kúariða komi upp í innfæddum nautgripum er ekki lengur við hæfi að Svíþjóð geti nýtt sér undanþágu að því er varðar eftirlit með heilbrigðum slátrunarnautgripum og aldurstakmark að því er varðar það að fjarlægja hryggjarsúlu úr nautgripum.
- 4) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 999/2001 til samræmis við það.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukunum við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er breytt sem hér segir:

- a) Í kafla A í I. hluta III. viðauka falli liður 2.3 brott,
- b) í stað annarrar undirgreinar 2. liðar í A-hluta XI. viðauka komi eftirfarandi:

„Aðildarríki geta sótt um þessa undanþágu með því að leggja fram fullnægjandi fylgigögn til framkvæmdastjórnarinnar, að því er varðar a- eða b-lið, eftir því sem við á.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. maí 2006.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 120, 5.5.2006, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 95/2008 frá 26. september 2008 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 70, 20.11.2008, p. 1.

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 657/2006 (Stjtið. ESB L 116, 29.4.2006, bls. 9).